

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

| | |
|--------------|-------------|
| Íbúðir | kr. 47.040 |
| Frístundahús | kr. 19.185 |
| Stærri býli | kr. 89.110 |
| Minni býli | kr. 30.325 |
| Fyrirtæki A | kr. 47.040 |
| Fyrirtæki B | kr. 89.115 |
| Fyrirtæki C | kr. 191.225 |

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjald vegna sorphirðu hræðýragáms er sem hér greinir:

| | |
|------------|---------------------|
| Nautgripir | kr. 756 pr. stk. |
| Hross | kr. 378 pr. stk. |
| Sauðfé | kr. 138,60 pr. stk. |
| Hænur | kr. 24,60 pr. stk. |

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1429/2020.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 13. desember 2021.

Björg Erlingsdóttir sveitarstjóri.